

Sveitarstjóri Fljótshrepps
Helgi Gíslason

Egilsstöðum 15. maí 2023

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um bréf Vina íslenskrar náttúru skv. beiðni sveitarstjóra Fljótshrepps.

Skógræktinni barst beiðni frá sveitarstjóra Fljótshrepps um umsögn vegna bréfs sem samtökin Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) sendu á Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga landsins 14. apríl sl. um ábyrgð sveitarstjórna á skipulagi skógræktar. Skógræktin þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma með athugasemdir við bréfinu.

Fyrst er til að taka að þau atriði sem fram koma í bréfinu hafa öll verið rædd áður og þeim svarað. Þarna er því ekki um nýjar áhyggjur eða athugasemdir að ræða. Skógrækt er stunduð með tiltekin markmið í huga. Eitt það helsta er uppbygging skógarauðlindar sem skapar möguleika til atvinnuþróunar og tekjuöflunar, ekki síst í dreifbýli. Er það einkum gert með skógrækt á lögbýlum. Ný útgáfa af slíkri nytjaskógrækt er þar sem framleiðsluvaran er kolefnisbinding og er hún mikilvæg í þeirri viðleitni að ná markmiðum Íslands í loftslagsmálum. Önnur algeng og mikilvæg markmið með skógrækt eru t.d. uppgræðsla rofins lands og jarðvegsvernd, varnir gegn náttúruvá s.s. öskufoki, endurreisn búsvæða og vistkerfa, útivist og skjólmyndun.

Skógrækt hefur vissulega áhrif á ásýnd lands og lífríkið á þeim stöðum þar sem skógur er ræktaður, en alvarleika þeirra og mikilvægi ber að meta samanborið við mikilvægi ágóðans. Þá þarf einnig að hafa í huga lögvarinn eignarrétt og athafnafrelsi landeigandans til að rækta skóg. Ætli stjórnvald að hamla ræktun skógar á einhvern hátt þurfa rökin fyrir því, í formi almannahagsmuna, að vera réttindum landeiganda og ágóðanum sem hlýst af skógrækt yfirsterkari. Slíkir almannahagsmunir, t.d. er varða náttúruvernd, eru vissulega fyrir hendi sums staðar, en skógræktendur reyna yfirleitt að forðast slíka árekstra og því kemur það sjaldnast til kasta sveitarstjórna að fást við þá.

Í bréfinu koma fram áhyggjur þess efnis að áform um sívaxandi skógrækt hér á landi muni ganga skipulagslítið eftir. Í þessu sambandi er rétt að benda á að skipulag skógræktar fellur undir skipulagslög og hefur Skógræktin unnið með Skipulagsstofnun að útgáfu [bæklinga um skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga](#) þar sem fylgt er ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Skógræktin vill einnig benda á að nýlega kom út stefna í landgræðslu og skógrækt, Land og líf, þar sem fjallað er um skipulagsmál Skógræktar. Stefnunni fylgir [aðgerðaáætlun](#) til 2026, þar sem kveðið er nánar á um m.a. ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar (aðgerð 2.3) og að vinna skuli svæðisáætlanir í landgræðslu og landshlutaáætlanir í skógrækt í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög (aðgerð 9.1), að ógleymdu því sem kemur fram um skógrækt í aðalskipulagi sveitarfélaganna sjálfra. Því ætti öllum sem kynna sér málið að vera ljóst að

allar framkvæmdir í nýskógrækt hér á landi lúta ströngum reglum hvað varðar skipulag, strangari en flest önnur landnotkun hérlendis. Sveitarfélög hér á landi taka skipulagsmál alvarlega og hefur skipulag skógræktar verið unnið af fagmennsku í skipulagsáætlunum.

Skógræktin tekur undir að þeim sem fara með skipulagsmál sé falin mikil ábyrgð og að ákvarðanir þeirra muni ráða miklu um framtíðina, ekki síst þegar kemur að einu stærsta vandamáli heimsbyggðarinnar, hamfarahlýnun. Landnotkun er stór þáttur í kolefnisjöfnuði og í því ljósi er rétt að benda á ábyrgð handhafa skipulagsvalds (sveitarfélaga) er kemur að nýtingu lands til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Í loftslagsstefnu Íslands eru skógrækt og landgræðsla mikilvægar aðgerðir til að binda kolefni í skógi, öðrum gróðri og jarðvegi. Þá má líka benda á að [reglur Evrópusambandsins](#) gera ráð fyrir kolefnishlutleysi innan LULUCF (Land Use, Land Use Change and Forestry), sem þýðir að losun frá landi má ekki vera meiri en binding („no-debit rule“). Frestur til að ná því marki er til ársins 2030.

Ákveðins misskilnings hefur gætt varðandi kolefniseiningar og viðskipti með þær. Við bendum á nýjan vef [Skógarkolefnis](#), þar sem hægt er að kynna sér hvernig hægt er að stunda viðskipti með einingarnar á ábyrgan hátt. Rétt er að áréttta að kolefnisbinding kemur aldrei í stað þess að draga úr losun, en hins vegar er alveg ljóst að þrátt fyrir að verulega tækist að minnka losun þá er kolefnisbinding nauðsynleg mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum, jafnvel þótt ekki væri nema til þess að binda hluta þess kolefnis sem við erum þegar búin að sleppa í andrúmsloftið.

Fullyrt er í bréfi VÍN að heildarskógarþekja landsins sé vanmetin, þar sem „í þessari tölu sé ekki talinn trjágróður í þéttbýli, við frístundabyggð eða skjólbelti né skógarlundir á bændabýlum“. Skilgreining á skógum á Íslandi fylgir sömu reglum og gilda alþjóðlega. Svæði vaxið trjágróðri sem nær 2 m hæð og 10% krónuþekju eða meira fullvaxta telst til skógar. Skal hann að lágmarki ná 0,5 ha flatarmáli og vera breiðari en 20 m. Þessi skilgreining kemur fram í árlegri [landsskýrslu Íslands](#) til Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar þar sem kolefnisbinding skóga er talin fram. Samkvæmt henni telst trjágróður sem vex á svæðum í þéttbýli sem eru með „ræktuðum skógarbotni“ (grasflatir, trjábeð o.s.frv.), ekki til skóglendis heldur trjágarðar í þéttbýli. Önnur skógi vaxin svæði í þéttbýli (t.d. Öskjuhlíð, Kjarnaskógur eða Elliðaárdalur) eru skilgreind sem skóglendi. Skógar í frístundabyggðum og skógarlundir við bændabýli teljast til skóglendis ef þeir ná lágmarksstærð og lágmarksþekju. Þannig eru öll frístundabyggðarsvæði á Íslandi sem vaxin eru skógi skilgreind sem skógur, eins og sjá má í [skógarvefsjá Skógræktarinnar](#). Núverandi þekja skóglendis er um 147.000 ha samkvæmt mælingum; þar af eru ræktaðir skógar 48.000 ha og náttúrulegir birkiskógar 99.000 ha. Í viðbót við það er síðan birkikjarr sem ekki nær tveggja metra hæð og þekur um 53.000 ha. Þetta er eins rétt og hægt er að hafa það, hvorki of- né vanmetið.

Í bréfi VÍN er haldið fram að framtíðarútbreiðsla skóga muni ekki eiga sér stað ofan 300 m hæðarlínu sökum veðurfars. Það er ekki rétt að veðurfarslegar ástæður séu það sem hamlar útbreiðslu birkiskóga ofan 300m, heldur er það einkum önnur landnotkun, t.d.

sauðfjárbeit. Í [aðgerðaráætlun stjórnvalda](#) er gert ráð fyrir að fyrir árið 2031 verði ný skóglendi gróðursett í 15.000 ha undir 400 m hæðarlínu og að búið verði að skilgreina 350.000 ha svæði til endurheimtar birkiskóga fyrir árið 2031 í tengslum við sk. [Bonn-áskorun](#). Þrátt fyrir að ekki sé búið að skilgreina svæðin til endurheimtar birkiskóga má gera ráð fyrir því að stór hluti þeirra verði ofan 300 m, ekki síst í ljósi þess að skilyrði fyrir birki á þeim svæðum eru oft með ágætum, eins og sést t.d. í Hekluskógarverkefninu, Þjórsárdal og í Þórsmörk. Í Þórsmörk finnst birki eingöngu ofan 200 m h.y.s.

Það er ljóst að ásýnd lands breytist við skógrækt, líkt og við aðrar breytingar á landnotkun. Hvort sú ásýnd sé betri eða verri er háð smekk hvers og eins. Sú fullyrðing að skógrækt muni draga úr komum ferðamanna hingað til lands stenst hins vegar ekki skoðun. Skógræktin rekur tjaldsvæði í skógum landsins og þar hefur fjöldi erlendra ferðamanna aukist mikið á síðustu árum. Enn fremur er aukinn fjöldi erlendra ferðamanna sem nýtir sér skógana sem áningarstað. Sést það t.d. í auknum fjölda fyrirspurna frá skipuleggjendum hópferða um aðstöðu í skógunum. Þá má heldur ekki gleyma því að skógar landsins eru mikilvæg útivistarsvæði fyrir þá sem hér búa. Ásókn gangandi, hlaupandi, hjólandi, skíðandi og ríðandi í skóga landsins er mikil, svo mikil að sums staðar hefur skapast núningur milli mismunandi hagsmunahópa.

Skógrækt er mikilvæg aðgerð til að vernda jarðveg, draga úr eða stöðva losun kolefnis úr rýrum jarðvegi sem og auka þol vistkerfa gagnvart ýmsum áföllum. Þetta sást t.d. vel eftir Eyjafjallagosið, þegar miklir sandstormar geisðu á skóglausum svæðum en ekki í nágrenni skóganna (Þórsmörk). Þannig spila skógar landsins hlutverk í því að hindra sandfok og stuðla með því að bættu útsýni og hreinu lofti. Þörf er á að stækka það hlutverk verulega með aukinni útbreiðslu skóga. Þá er líka rétt að benda á að með skógrækt er verið að byggja upp fjölbreytta atvinnumöguleika víða um land, bæði við ræktun skóganna en ekki síður við úrvinnslu þeirra afurða sem úr skógunum koma.

Sú fullyrðing að skógrækt með þjóðvegum geti aukið á slyshættu er órökstudd en hins vegar er rétt að kunnáttu þarf til að skipuleggja ræktun trjáa með fram vegum svo hún nýtist. Reynslan hérlendis hefur sýnt að vel staðsettir skógar eða skjólbelti draga úr vindhviðum á þjóðvegum landsins, auk þess að safna snjó réttum megin við veginn¹ og erlendar rannsóknir hafa sýnt að tré með fram vegum innan borgarmarka fækka slysum². Leiða má líkur að því að með skipulögðum skógi með fram þjóðvegum og vel staðsettum bílastæðum þar sem hægt er að njóta útsýnis, megi draga úr þeirri hættu sem skapast er öikumenn ná ekki að halda fullri athygli við aksturinn vegna útsýnis.

Vert er að benda á að þrátt fyrir að tré séu langlífur lífverur, þá er vandræðalaust að fjarlægja tré eða skóga ef seinna kemur í ljós að heppilegra væri að nýta landið á annan hátt. Skógareyðing er snar þáttur í allri mannkynssögunni og ekki síst sögu Íslands. Það

¹ Skúli Þórðarson og Jónas Þór Snæbjörnsson (2004) [Umferðaslys og vindafar – Áfangaskýrsla I](#). Orion ráðgjöf ehf. 42 bls.

² W. E. Marshall, N. Coppola and Y. Golombek (2018) [Urban clear zones, street trees, and road safety](#). Research in Transportation Business and Management. 29. 136-143

er því mjög undarlegt að halda því fram að endurheimt skóga á takmörkuðum landsvæðum skapi óyfirstíganleg vandamál.

Ábyrgð sveitarfélaga sem skipulagsvalds er mikil. Mikilvægt er að þau horfi því á stóru myndina þegar kemur að ákvörðunum sem að því snúa og spyrji gagnrýninna spurninga. Hver er ábyrgð þeirra þegar kemur að baráttunni við loftslagsvána? Hvort er líklegra til að hafa neikvæð áhrif, að draga úr hamfarahlýnun með því að nýta land á ábyrgan hátt, eða að halda óbreyttu ástandi?

Í ljósi þessarar miklu ábyrgðar tekur Skógræktin undir þá ósk VÍN að þessi mál verði sett á dagskrá næsta þings sveitarfélaganna og fjallað verði þar um landshlutaáætlanir í skógrækt og landgræðslu. Skógræktin lýsir sig fúsa til þátttöku í því ef þess er óskað.

Virðingarfyllt



Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri